

Aðalfundur Snæfells

haldinn í Grundarfirði 11. september 2016

Tillögur til 32. aðalfundar LS

1. Aðalfundur Snæfells leggur til að tekin verði upp aflaívilnun til þeirra sem landa á fiskmarkað.
Greinargerð: Yrði það til styrkingar á fiskmörkuðum og myndi einnig styrkja einyrkjaútgerð.
2. Aðalfundur Snæfells leggur til að veittur verði afsláttur af veiðigjaldi þeirra sem eru eingöngu í útgerð án fiskvinnslu.
Greinargerð: Einyrkjaútgerð á í vök að verjast og hallar verulega á þá í samkeppni við útgerð með fiskvinnslu.
3. Aðalfundur Snæfells leggur til að tillögur til strandveiða frá aðalfundi LS 2015 verði áfram, þ.e. 4 dagar, 4 vikur, 4 mánuðir, 4 rúllur, 774 kg pr dag o.s.frv.
4. Aðalfundur Snæfells fagnar þingsályktun/tillögu um að leyfa skipstjóra að taka ferðamenn með á fiskveiðar.
5. Aðalfundur Snæfells leggur til að heimilt verði að sameina 2 grásleppuleyfi á bát.
Greinargerð: Sameining leyfa verði til þess að hagkvæmara verði að gera út grásleppubát, nýta netaúthaldið og bátinn í lengri tíma en nú er o.s.frv.
6. Aðalfundur Snæfells skorar á stjórnvöld að auka rannsóknir á lífríki Breiðafjarðar, sérstaklega ef auka eigi nýtingu sjávargróðurs úr firðinum og hvaða áhrif það hafi á lífríki Breiðafjarðar.
7. Aðalfundur Snæfells telur brýnt að efla þurfi öryggismál sjómanna.
8. Aðalfundur Snæfells telur að reglugerðarhólf eigi að opna tafarlaust og að ráðuneytið hlusti betur á heimamenn í sambandi við lokanir.

9. Aðalfundur Snæfells ályktar að LS beiti sér fyrir að tegundafærslur verði færðar til fyrra horfs, þ.e. að menn (bátar) megi nota allt að 2% af hverri tegund til tegundabreytinga, þó að hámarki 5% eins og það var.
Greinargerð: Rökin fyrir þessu eru að menn sjái sér hag í að láta ufsa detta niður dauðann, sem er þvert á tilgang fiskveiðilaganna frá 2010. Til að útskýra málið þá eru menn að fara svokallaða öfuga tilfærslu með því að láta ufsa detta niður dauðann og fá aukningu í öðrum aukategundum í staðinn, það var ekki tilgangur umræddra laga.
10. Aðalfundur Snæfells vill leyfa löndun á hvítlúðu sem meðafla enda sé ekki um beina sókn að ræða.
11. Aðalfundur Snæfells skorar á Samgöngustofu að nöfn báta séu rétt skráð á AIS. Ella fái þeir bátar ekki haffærisskírteini.
12. Tekið skuli upp félagsskírteini LS og samið við fleiri þjónustuaðila eingöngu til LS. Hækkun á félagsgjöldum frestist um eitt ár.
13. Aðalfundur Snæfells vill að eigendur grásleppuleyfa fái að kjósa um það einir hvort kvótasetja eigi grásleppu eða ekki.
14. Reglugerðarhólf verði ekki sett á handfæraveiðar, heldur verði þeir bátar sem uppvísir eru að veiðum á smáfiski sviptir veiðileyfi.
15. Aðalfundur Snæfells leggur til að hrygningarstoppi við Faxaflóa og Breiðafjörð ljúki 11. apríl ár hvert.
16. Aðalfundur Snæfells leggur til að veiðidagar á grásleppuveiðum taki mið af heildarafla sem Hafrannsóknastofnun leggur til.
17. Aðalfundur Snæfells leggur til að veiðigjald verði fært til fyrra horfs þannig að veiðiréttarhafar greiði veiðigjaldið.
18. Aðalfundur Snæfells mótmælir harðlega uppboðsleið á aflaheimildum. Slíkar hugmyndir stefna útgerð um land allt í uppnám og óvissu.
19. Aðalfundur Snæfells lýsir fullum stuðningi við aflamarkskerfið.
20. Aðalfundur Snæfells mótmælir harðlega kvótasetningu á makríl og skorar á stjórnvöld að taka upp fyrra stjórnkerfi við veiðar smábáta á makríl og ekki verði kvikað fra kröfunni um 16% hlutdeild smábáta í útgefnum heildarafla á makríl.

